

LAGABREYTINGARTILLAGA

UM SKIL Á GÖGNUM OG GJÖLDUM FYRIR SKÁTAPING



Stjórn BÍS leggur til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á 10. grein laga BÍS um tímafrest gagnaskila skátafélaga og um skil á félagsgjöldum til Bandalags íslenskra skáta.

10. GREIN

Á árlegum aðalfundi skátafélaga skulu stjórnir þeirra leggja fram skýrslu um störf liðins árs og ársreikninga áritaða af félagskjörnum skoðunarmönnum.

Aðilar að BÍS skulu fyrir Skátaþing 1. mars árlega hafa greitt félagsgjald fyrra starfsárs til BÍS og standa skil á gögnum og gjöldum til skrifstofu BÍS:

| Félagsaðild | A | B | C | D |
|---|----|----|-----|-----|
| Félagatal | já | já | já | já |
| Ársskýrsla síðasta starfsárs | já | já | nei | nei |
| Gildandi lög | já | já | nei | nei |
| Starfsáætlun næsta starfsárs | já | já | nei | nei |
| Ársreikningur síðasta starfsárs | já | já | nei | nei |
| Undirritaðri heimild til BÍS til að kanna sakaskrá allra félaga 18 ára og eldri | já | já | nei | nei |
| Nöfn, hlutverk og tengiliðaupplýsingar allra stjórnarmeðlima félagsins | já | já | já | já |

Auk þess skulu aðilar með aðild A, B, C og D starfa í anda Grunngrunda BÍS. Þá skulu skátafélög með aðild A og B vera skráð frjálts félagasamtök með kennitölu.



Greinagerð:

Skil á þeim gögnum sem kveðið er á um 10. grein laga BÍS eru skilyrði fyrir því að skátafélög fái úthlutuð atkvæði. Á hverju einasta ári stendur fjöldi félaga í skilum á sínum gögnum eftir þann frest sem lög kveða á um. Það á sérstaklega við um sakavottorðsheimildir frá skátafélögum.

Á hverju ári þarf kjörnefnd því sérstaklega að skera úr um hvort að úthluta eigi atkvæðum til fjölda félaga og í nokkur skipta hefur það átt við um meirihluta félaga. Það er því ljóst að þessi frestur er nokkuð naumur fyrir skátafélögin, og á ári sem þessu þegar fresturinn er mánuð fyrir Skátapiing eru ekki góð rök á móti því að gefa skátafélögunum meira svigrúm til að skila gögnunum.

Í samráði við Skátamiðstöð er þessi tillaga því lögð fram, að sögn erindrekanna sem hafa haft yfirumsjón með að fylgja eftir þessum gagnaskilum við félögin er ekkert þeirra megin frá til fyrirstöðu því að rýmka um fyrir félögunum með þennan frest. Þannig yrði þetta einnig liður í virkari þjónustu við félögin, erindrekarnir myndu gæta þess við sín félög að minna á gögnin strax eftir aðalfund félags og minna reglulega á þau fram að Skátapiingi.

Hvað varðar breytingar á ákvæði um skil á gjöldum þetta ekki nægilega skýrt í núverandi lögum. Þetta hefur gjarnan verið túlkað sem að félög þurfi fyrir 1. mars að greiða félagsgjöld til BÍS vegna yfirstandandi starfsárs sem er ópraktískt í framkvæmd, því samkvæmt Skátamiðstöð er það staðreynd að fyrir 1. mars vantar iðulega talsvert af skráningum í félagatölum skátafélaganna. Í mars og apríl eru bæði nýir félagar að bætast við og sum skátafélög að gera rassiú að tryggja að öll sem hafi starfað með félaginu á árinu séu skráð. Þá gerir Skátamiðstöðin lokasamantekt á landsvísu á sumarmánuðum og gerir jafnvel fleiri leiðréttingar á skráningum innan skátafélaganna. Þær tölu eru síðan gefnar upp við heimssamtökin.

Þannig hefur núverandi aðferðarfræði valdið því að félagsgjöld eru innheimt fyrir færri fjölda skáta heldur en störfuðu í raun með félagi en síðan er greitt til heimssamtakanna fyrir raunfjölda.

Þó þetta fyrirkomulag hafi þróast á innheimtu félagsgjalda er ekkert því til fyrirstöðu að núverandi lög séu túlkuð þannig að félag hafi einfaldlega staðið skil á þeim félagsgjöldum sem hafi verið innheimt fyrir í fortíð. En þá leið viljum við nú fara.

Því er með þessu verið að skerpa á því fyrirkomulagi að félag þurfi að vera í skilum á félagsgjöldum fyrra starfsárs, ekki þess sem er yfirstandandi. Þannig verða félagsgjöld innheimt nær lokum starfsárs í maí, júní eða júlí (jafnvel ágúst) þegar erindrekar eru fullviss um að lokatölur liggi fyrir hjá skátafélögunum og verða þá tölurnar sem eru teknar saman á landsvísu notaðar til að innheimta félagsgjöld frá skátafélögunum. Þannig er innheimta félagsgjalda til BÍS líka framkvæmd í minni tímabréng.

